

Til bæjarráðs

Efni: Tillaga Bjartrar framtíðar um úttekt og öryggismat á vegtengingu á nýja Álfanesveginum við Garðaholt

„Björt framtíð leggur til að fallið verði frá áætlaðri lokun á gamla Álfanesvegi. Að í staðinn verði reynt að koma á hraðatakmarkunum í gegnum Prýðahverfið. Einnig leggur Björt framtíð til að sem allra fyrst verði gerð úttekt og öryggismat á vegtengingunni á nýja Álfanesveginum við Garðaholtið.“

Greinargerð:

Nú hefur ansi lengið staðið til hjá meirihlutanum að loka gamla Álfanesveginum við Prýðahverfið þrátt fyrir mikil mótmæli, m.a. íbúa við Naustahlein og Boðahlein. Þessi lokun er sögð bæta umferðaröryggið hjá íbúum Prýðahverfis. Sú aðgerð myndi í staðinn minnka umferðaröryggið hjá öðrum íbúum Garðabæjar, til að mynda íbúum Hleina og Álfaness. Beina á umferð sem annars fór í gegnum Prýðahverfi, í staðinn að vegtenginu við Garðaholtið inn á nýja Álfanesveginn. Þau gatnamót/vegtenging eru nú þegar talin mjög hættuleg. Þar þurfa bílar að þvera Álfanesveginn þar sem hraðinn er mikill og þar myndast líka oft lúmsk hálka. Björt framtíð hvetur meirihlutann að auka ekki bara umferðaröryggi hjá einum hóp Garðbæinga, á kostnað annarra. Þetta mál þarf að skoða í stærra samhengi. Björt framtíð leggur því til að byrjað verði á því að fara í hraðatakmarkanir á vegslóðanum í gegnum Prýðahverfið og að gert verði öryggismat á nýju vegtengingunni við Garðaholtið.